

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2010/EES/61/01		Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins (Ísland)	1
2010/EES/61/02		Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins (Noregur).	2
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2010/EES/61/03		Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA á hendur íslenska ríkinu sem lögð var fram 18. ágúst 2010 (Mál E-12/10).	3
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2010/EES/61/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5785 – Sun Capital/DSM Special Products)	4
2010/EES/61/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5913 – CEZ/ EPH/Mibrag Group)	5
2010/EES/61/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5992 – Süd- Chemie/Ashland/ASK JV)	6
2010/EES/61/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6018 – KKR/ HgCapital/Archangel) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7

2010/EES/61/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6023 – Österreichische Post/Schweizerische Post/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	8
2010/EES/61/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6025 – Ardagh/Impress).	9
2010/EES/61/10	Ríkisaðstoð – Þýskaland – Málsnúmer C 19/10 (áður NN 23/10 (áður CP 21/08)) – Förgun dýrahæja – Ríkisaðstoð við „Zweckverband Tierkörperbeseitigung“ – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.	10
2010/EES/61/11	Ríkisaðstoð – Ítalía – Málsnúmer C 20/10 (áður N 536/08 og NN 32/10) – SOGAS – Società per la gestione dell’aeroporto dello Stretto – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.	10
2010/EES/61/12	Yfirlit um bandalagsáskvarðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum frá 1. júlí til 31. ágúst 2010.	11
2010/EES/61/13	Auglýst eftir tillögum – EACEA/24/10 – Jean Monnet áætlunin – Stuðningur við Evrópusamtök sem starfa á sviði menntunar, fræðslu og samþættingar á Evrópuvettvangi.	11
2010/EES/61/14	Auglýst eftir tillögum 2011 – EAC/49/10 – Áætlun um símenntun.	12
2010/EES/61/15	Auglýst eftir tillögum — DG ENTR ENT-SAT-10/5010 – Verðlaunasamkeppni GALILEO-EGNOS.	14
2010/EES/61/16	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi.	15

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins

2010/EES/61/01

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun.

Dagsetning ákvörðunar: 21.6.2010

Málsnúmer: 67159

Ákvörðun nr. 253/10/COL

EFTA-ríki: Ísland

Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega): Áætlun um björgunaraðstoð vegna uppgjörs krafna í eigu Seðlabanka Íslands á hendur sparisjóðum

Lagaheimild: Staflíður b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins

Tegund aðstoðar: Aðstoðarkerfi

Markmið: Að vinna gegn umtalsverðri röskun sem orðið hefur á efnahagslífi

Aðstoðarform: Uppgjör krafna

Fjárveiting: 9,345 milljarðar ISK

Gildistími: Kerfið hefur verið samþykkt tímabundið til 21. desember 2010

Atvinnugreinar: Fjármálastarfsemi

Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð: Fjármálaráðuneytið, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, Ísland

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins**2010/EES/61/02**

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun.

Dagsetning ákvörðunar: 7. júlí 2010

Málsnúmer: 67488

Ákvörðunarnúmer: 292/10/COL

EFTA-ríki: Noregur

Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega): Breyting á norskum sérreglum um skattlagningu skipafélaga

Lagaheimild: Stafliður c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins

Tegund aðstoðar: Aðstoðarkerfi

Markmið: Að fremja skipaútgæð

Aðstoðarform: Skattundanhágur

Fjárveiting: 0

Gildistími: Tekjuárið 2010

Atvinnugreinar: Skipaútgæð

Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð: Finansdepartementet, Postboks 8008 Dep., N-0030 Oslo

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA á hendur íslenska ríkinu sem lögð var fram

2010/EES/61/03

18. ágúst 2010

(Mál E-12/10)

Hinn 18. ágúst 2010 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur íslenska ríkinu; í fyrirsvári eru Xavier Lewis og Ólafur Jóhannes Einarsson, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

1. Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

Dómstóllinn lýsi yfir að íslenska ríkið hafi, með því að fella ekki úr gildi 5. og 7. gr. laga nr. 45/2007 um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, vanefnt skuldbindingar sínar sem leiða af 36. gr. EES-samningsins og 3. gr. gerðarinnar, sem um getur í 30. lið XVIII viðauka við EES-samninginn, *tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu*, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn.

2. Dómstóllinn geri íslenska ríkinu að greiða málskostnað.

Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings dómkröfunum:

- Stefnan varðar þær kröfur sem EES-ríkjunum er heimilt að gera varðandi starfskjör starfsmanna sem hafa verið sendir til yfirráðasvæðis þeirra.
- Í stefnunni segir að ákvæði 3. gr. *tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu*, með vísan til 36. gr. EES-samningsins, heimili eingöngu að settar séu fram þær lágmarkskröfur sem koma fram í stafl. a)– g) í 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar.
- Eftirlitsstofnun EFTA lýsir því yfir að með ákvæðum umdeilda greina laga nr. 45/2007 (lög um útsenda starfsmenn) séu sett skilyrði, sem ekki hefði verið gert ráð fyrir í neinum undirgreinum 3. gr., og því brjóti þau í bága við 3. gr. og 36. gr. EES-samningsins.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5785 – Sun Capital/DSM Special Products)

2010/EES/61/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. júlí 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Sun Capital Partners IV, LP („Sun Capital Partners Fund“), sem tilheyrir samsteypunni Sun Capital Partners, öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í hollenska fyrirtækinu DSM Special Products B.V. („DSP“), dótturfélagi Royal DSM N.V.
2. Tilkynningin var lýst ófullnægjandi hinn 26. ágúst 2010. Hlutaðeigandi fyrirtæki hafa nú lagt fram það sem á vantaði af upplýsingum. Tilkynningin varð fullnægjandi, í skilningi 1. mgr. 10. gr. samrunareglugerðar EB, hinn 26. október 2010.
3. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Sun Capital Partners Fund: fjárfestingar í óskráðum félögum
 - DSP: framleiðsla gæðaiðefna, hálfunninna iðnaðarvara og aukefna í matvæli
4. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
5. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 298, 4. nóvember 2010). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5785 – Sun Capital/DSM Special Products, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.5913 – CEZ/EPH/Mibrag Group)**

2010/EES/61/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. október 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið HC Fin3 N.V., sem er í einkaeigu tékkneska fyrirtækisins Energetický a průmyslový holding, a.s. („EPH“), og tékkneska fyrirtækið ČEZ, a.s. („CEZ“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staffliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu JTSD Braunkohlebergbau GmbH („JTSD“) og dótturfélagi í einkaeigu þess, hinu þýska Mitteldeutsche Braunkohlengesellschaft mbH („Mibrag“). Mibrag og dótturfélög þess kallast einu nafni „Mibrag Group“, sem lúta nú yfirráðum hins tékkneska Severočeské doly a.s. („SD“), dótturfélags CEZ, og hins kypverska LIGNITE INVESTMENTS, fyrirtækis um sérverkefni sem er í einkaeigu Hr. Křetínský.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - EPH: stefnumótandi fjárfestir í orkugeiranum og stór fjárfestir í framleiðslustarfsemi
 - JTSD: einkahlutafélag með full yfirráð í Mibrag
 - Mibrag Group: starfar einkum við brúnkolanám, fjarhitun, rekstur raforkuvera sem brenna brúnkolum í Þýskalandi
 - SD: brúnkolanám í Tékklandi
 - ČEZ: margvísleg starfsemi innan orkugeirans, t.d. i) framleiðsla, ii) dreifing og iii) sala á raforku og hita í Tékklandi og iv) viðskipti með raforku og rekstur orkuvera í nokkrum öðrum Evrópulöndum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 298, 4. nóvember 2010). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5913 – CEZ/EPH/Mibrag Group, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.5992 – Süd-Chemie/Ashland/ASK JV)

2010/EES/61/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. október 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Süd-Chemie AG („Süd-Chemie“), sem lýtur yfirráðum hins bandaríska J.P. Morgan Chase & Co., og bandaríska fyrirtækið Ashland Inc. („Ashland“), flytja eignir í sameiginlegt fyrirtæki sem er þegar í fullum rekstri, Ashland-Südchemie Kernfest GmbH („ASK“) og víkka þar með út umfang starfsemi þess.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Süd-Chemie: þróun, framleiðsla og afhending á sérstökum efnavörum fyrir ýmsar atvinnugreinar (orka og umhverfi, áseyg efni og aukefni, hvarfataekni, vatnshreinsun, sérstakar umbúðir og málmsteypuvörur og sérstök resínefni)
 - Ashland: framleiðsla og afhending á samsettum fjölliðum, límeffnum, hjálpareffnum fyrir málmsteypu, hreinsun á vinnsluvatni og veituvatni, beðmiseter, smureffnum, efnum fyrir vélknúin ökutæki og dreifing iðefna, plasts og samsettra efna
 - ASK: framleiðsla og afhending á efnavörum fyrir málmsteypuíðnaðinn og sérstökum resíneffnum, einkum fyrir málningar- og þekjuefnaframleiðendur. ASK mun starfa að þróun, framleiðslu og sölu á hjálpareffnum fyrir málmsteypu, svo sem bindiefnum, eldföstum þekjueffnum, móturum, síum og aukeffnum í málma
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 296, 30. október 2010). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5992 – Süd-Chemie/Ashland/ASK JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6018 – KKR/HgCapital/Archangel)**

2010/EES/61/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. október 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið KKR & Co. L.P. („KKR“) og hið breska HgCapital öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í norska fyrirtækinu Archangel AS („Archangel“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - KKR: eignastýring utan almenns markaðar og veitir fjármagnsmarkaðarlausnir um heim allan
 - HgCapital: fyrirtæki sem fjárfestir í óskráðum félögum, einkum í Evrópu
 - Archangel: veitir, fyrir milligöngu dótturfélags síns, Visma AS, hugbúnaðarlausnir á sviði bókhalds, fjármála, launa, mannauðs, vöruferlisstjórnunar, sölu og viðskiptamannastjórnunar. Archangel starfar aðallega í Noregi, Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð og Hollandi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 296, 30. október 2010). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6018 – KKR/HgCapital/Archangel, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2010/EES/61/08****(mál COMP/M.6023 – Österreichische Post/Schweizerische Post/JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. október 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem austurríska fyrirtækið Österreichische Post AG („ÖP“) og hið svissneska Schweizerische Post („SP“), hyggjast öðlast, með samningi og hlutafjárkaupum í nýstofnuðu, sameiginlegu fyrirtæki, í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu meiller direct GmbH.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - ÖP: útburður á bréfum og pökkum til nafngreindra aðila, dagblöðum og fjölpósti, rafræn þjónusta og þjónusta á sviði vörufelisstjórnunar, o.s.frv.
 - SP: útburður á bréfum og pökkum til nafngreindra aðila, dagblöðum og fjölpósti, rafræn þjónusta og þjónusta á sviði vörufelisstjórnunar, tengslamarkaðssetningar og skjalastjórnunar, o.s.frv.
 - meiller direct GmbH: prentar og setur markpóst, bæði stílaðan á tiltekna aðila og almennan markpóst, í umslög
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 297, 3. nóvember 2010). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6023 – Österreichische Post/Schweizerische Post/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6025 – Ardagh/Impress)

2010/EES/61/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. október 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem lúxemborgska fyrirtækið Ardagh Glass Group SA („Ardagh“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í hollenska fyrirtækinu Impress Coöperatieve U.A. („Impress“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Ardagh: afhendir glerilát, m.a. glerflöskur og -krukkur, svo og vélar til mótunar á og eftirlits með glerilátum
 - Impress: afhendir umbúðir úr málm, m.a. málm dósir, aðallega ætlaðar fyrir niðursoðna matvöru (matvæli og sjávarfang) og sérvöru (úðæfni, málningu og þekjuefni, mjólkurvörur og sérhannaða vöru)
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 298, 4. nóvember 2010). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6025 – Ardagh/Impress, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Ríkisaðstoð - Þýskaland**2010/EES/61/10****Málsnúmer C 19/10 (áður NN 23/10 (áður CP 21/08))****Förgun dýrahæja – Ríkisaðstoð við „Zweckverband Tierkörperbeseitigung“****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Þýskalandi, með bréfi dagsettu 20. júlí 2010, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. ESB-sáttmálans, sjá [Stjtið. ESB C 289, 26.10.2010, bls. 8.](#)

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir við aðstoðina, sem framkvæmdastjórnin hefur tekið til rannsóknar, er einn mánuður frá því að ágríp þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB (birtingardagur 26.10.2010). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate F
State aid Greffe
SPA3, 6/5
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdum, sem berast, verður komið á framfæri við stjórnvöld í Þýskalandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ríkisaðstoð – Ítalía**2010/EES/61/11****Málsnúmer C 20/10 (áður N 536/08 og NN 32/10)****SOGAS – Società per la gestione dell'aeroporto dello Stretto****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum á Ítalíu, með bréfi dagsettu 20. júlí 2010, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. ESB-sáttmálans, sjá [Stjtið. ESB C 292, 28.10.2010, bls. 30.](#)

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir við aðstoðina, sem framkvæmdastjórnin hefur tekið til rannsóknar, er einn mánuður frá því að ágríp þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB (birtingardagur 28.10.2010). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
State aid Greffe
Office: J-70, 3/225
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld á Ítalíu. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Yfirlit um bandalagsákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum frá 1. júlí til
31. ágúst 2010**

2010/EES/61/12

Birt hefur verið yfirlit um ákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru í júlí og ágúst 2010, sjá Stjórnartíðindi Evrópusambandsins C 295, 29.10.2010.

Auglýst eftir tillögum – EACEA/24/10

2010/EES/61/13

**Jean Monnet áætlunin – Stuðningur við Evrópusamtök sem starfa á sviði menntunar,
fræðslu og samþættingar á Evrópuvettvangi**

Auglýst er eftir tillögum í þeim tilgangi að styðja Evrópusamtök á sviði menntunar og fræðslu:
– sem sinna viðfangsefnum í tengslum við samþættingarferli Evrópuríkja og/eða
– sem vinna að markmiðum evrópskrar stefnu á sviði menntunar og fræðslu.

Nánari upplýsingar um þessa tillögu, svo og um hlutgenga umsækjendur og styrkhæfa starfsemi, viðmið við úthlutun og fjárveitingar, er að finna í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins C 287*, 23.10.2010, bls 8.

Umsóknarfrestur er til 15. desember 2010, kl. 12 á hádegi að staðartíma í Brussel

Umsóknarleiðbeiningar, svo og rafrænt umsóknareyðublað og fylgiskjöl, er að finna á eftirfarandi slóð:

http://eacea.ec.europa.eu/index_en.php

Auglýst eftir tillögum 2011 – EAC/49/10

2010/EES/61/14

Áætlun um símenntun

1. Markmið og lýsing

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar um að koma á fót áætluninni „Símenntun“ sem var lögtekin í Evrópuþinginu og ráðinu 15. nóvember 2006 (ákvörðun nr. 1720/2006/EC) ⁽¹⁾. Áætlunin tekur til ára 2007 til 2013. Sértek markmið áætlunarinnar um símenntun eru talin upp í 3. mgr. 1. gr. ákvörðunarinnar.

2. Hlutgengi

Áætlunin um símenntun tekur til menntunar og starfsmenntunar hvers konar og á öllum stigum og er opin öllum stofnunum sem taldar eru upp í 4. gr. ákvörðunarinnar.

Umsækjendur verða að hafa staðfestu í einu eftirtalinna ríkja ⁽²⁾:

- einu hinna 27 aðildarríkja Evrópusambandsins,
- einu EES-/EFTA-ríkjanna (Íslandi, Liechtenstein, Noregi eða Sviss) ⁽³⁾,
- í einu ríkjanna sem biða aðildar: Króatíu ⁽⁴⁾, Tyrklandi.

Í samræmi við 2. mgr. 14. gr. ákvörðunarinnar um að koma á fót áætlun um símenntun, eru fjölhlíðaverkefni og tengslanet samkvæmt áætlunum Erasmus, Lenoardo da Vinci og Grundtvig, svo og lykilstarfsemi þverlægrar áætlunar, einnig opin samstarfsaðilum frá þriðju löndum sem taka ekki nú þegar þátt í áætluninni „Símenntun“ á grundvelli 7. gr. ákvörðunarinnar. Nánari upplýsingar um viðkomandi starfsemi og tilhögun þátttöku er að finna í leiðbeiningum um áætlun um símenntun fyrir árið 2011.

3. Fjárveiting og lengd verkefna

Áætluð heildarfjárveiting vegna þessarar auglýsingar er 1 065 milljón EUR.

Styrkfjárhæðir og lengd verkefna ráðast af þáttum á borð við eðli verkefnis og fjölda þátttökuríkja.

4. Umsóknarfrestur

Helstu umsóknarfrestir eru sem hér segir:

Áætlanir Comenius, Grundtvig: Starfsþjálfun	fyrsti umsóknarfrestur: 14. janúar 2011 aðrir umsóknarfrestir: 29. apríl 2011 16. september 2011
Aðstoðarstöður samkvæmt áætluninni Comenius	31. janúar 2011
Áætlunin Leonardo da Vinci: Mannaskipti (þar á meðal „hreyfanleikaskírteini“ áætlunarinnar Leonardo Da Vinci); Kröfufutugumalánámskeið áætlunarinnar Erasmus (EILC)	4. febrúar 2011
Áætlunin Jean Monnet	15. febrúar 2011
Áætlanir Comenius, Leonardo da Vinci og Grundtvig Samstarfsverkefni, Comenius: „Regio“-samstarfsverkefni áætlunarinnar Comenius, Grundtvig: Vinnufundir	21. febrúar 2011
Áætlanir Comenius, Erasmus, Leonardo da Vinci og Grundtvig: Fjölhlíðaverkefni, tengslanet og hliðarráðstafanir	28. febrúar 2011

⁽¹⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1720/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um að koma á aðgerðaáætlun á sviði símenntunar (Stjtið. ESB L 327, 24.11.2006, bls. 45), <http://eur-lex.europa.eu/lex/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2006:327:0045:0068:EN:PDF> og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1357/2008/EB frá 16. desember 2008 um breytingu á ákvörðun nr. 1720/2006/EB (Stjtið. ESB L 350, 30.12.2008, bls. 56), <http://eur-lex.europa.eu/lex/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2008:350:0056:0057:EN:PDF>.

⁽²⁾ Nema að því er varðar Jean Monnet áætlunina, en hún er opin öllum menntastofnunum í heimi á háskólastigi.

⁽³⁾ Fyrir háskólaárið 2011–2012 og að því tilskildu að formlegum ráðstöfunum vegna þátttöku hafi verið lokið með tilhlýðilegum fyrirvara.

⁽⁴⁾ Að því tilskildu að formlegum ráðstöfunum vegna þátttöku hafi verið lokið með tilhlýðilegum fyrirvara.

Áætlunin Leonardo da Vinci: Flutningur fjöhlíðaverkefna á sviði nýsköpunar	28. febrúar 2011
Áætlunin Erasmus: Kröfuáætlanir, námsfólki gert kleift að stunda nám og störf utan heimalands (m.a. með starfsskírteini samstarfslanda áætlunarinnar Erasmus) og starfsmannaskipti (kenslustöður og námskeið)	11. mars 2011
Áætlunin Grundtvig: Aðstoðarstöður, sjálfboðaverkefni eldri	31. mars 2011
Þverlæg áætlun: Lykilstarfsemi 1 – námsheimsóknir	31. mars 2011
fyrsti umsóknarfrestur:	31. mars 2011
annar umsóknarfrestur:	14. október 2011
Þverlæg áætlun: Öll önnur starfsemi	31. mars 2011

Nokkrir umsóknarfrestir eru fyrir heimsóknir og námsmannaskipti á vegum Grundtvig-áætlunarinnar og fyrir undirbúningsheimsóknir á vegum allra atvinnugreinaáætlana og eru þeir mismunandi eftir landi. Sjá vefsetur viðkomandi innlendarar stofnunar í landi þínu.

5. Nánari upplýsingar

Heildartexta auglýsingarinnar „Áætlun um símenntun – auglýst eftir tillögum 2011–2013 – forgangsatíði stefnumörkunar“, ásamt „leiðbeiningum um áætlunina um símenntun fyrir árið 2011“ og upplýsingar um umsóknareyðublað er að finna á eftirfarandi vefslóð:

http://ec.europa.eu/education/lp/doc848_en.htm

Umsóknir verða að fullnægja öllum skilmálum sem fram koma í heildartexta auglýsingarinnar og í leiðbeiningum um áætlunina um símenntun og berast á til þess gerðum eyðublaðum.

Auglýst eftir tillögum — DG ENTR ENT-SAT-10/5010

2010/EES/61/15

Verðlaunasamkeppni GALILEO-EGNOS

1. Markmið og lýsing

Sameiginleg fjármögnun kerfis fyrir úthlutun verðlauna fyrir nýjungar í búnaði, sem byggir á GNSS-tækni Evrópusambandsins (EGNOS og GALILEO), og stuðla að nýsköpun í iðnaði og innleiðingu hátækni um alla Evrópu.

Eftirfarandi tegund starfsemi verður styrkt:

- skipulagning og stjórnun árlegrar verðlaunasamkeppni (birting auglýsinga eftir hugmyndum um þróun búnaðar frá frumkvöðlum, mat sérfræðinga á hugmyndum og afhending verðlauna),
- söfnun fjár til að jafna styrk frá framkvæmdastjórninni,
- dreifing „inn á við“, þ.e. að auka þann fjölda nýsköpunarhugmynda sem er sendur ár hvert í GALILEO-verðlaunasamkeppnina,
- dreifing „út á við“, þ.e. að vekja nægilega eftirtekt innan GNSS-iðnaðarins um heim allan til að kynna samkeppnina, þátttakendur í henni og sigurvegarana,
- að fylgjast með verðlaunahöfum og þátttakendum,
- samræming við stuðningskerfi fyrir nýsköpun og fjármögnunarleiðir á síðari stigum þannig að GALILEO-verðlaunin verði skref í þá átt að fá aðgang að fjármagni og/eða öðrum stuðningi á sviði nýsköpunar eða framtakssemi.

2. Hlutgengir umsækjendur

Umsækjendur skulu vera samtök einkaaðila eða opinberar stofnanir og hafa staðfestu í einu eftirtalinna ríkja:

- einu hinna 27 aðildarríkja Evrópusambandsins,
- einu EES-ríkjanna: Íslandi, Liechtenstein eða Noregi.

3. Fjárveiting og lengd verkefna

Heildarfjárveiting vegna sameiginlegrar fjármögnunar verkefna er EUR 900 000.

Áætlað upphaf starfseminnar: Maí 2011.

Hámarks lengd verkefna er 36 mánuðir.

4. Umsóknarfrestur

Umsóknir skulu sendar framkvæmdastjórninni eigi síðar en 15. janúar 2011.

5. Nánari upplýsingar

Heildartexti þessarar auglýsingar er birtur, ásamt umsóknareyðublöðum, á eftirfarandi slóð:

<http://ec.europa.eu/enterprise/funding/index.htm>

Fullnægja ber öllum skilyrðum í heildartexta auglýsingarinnar og skila umsóknum á til þess gerðu eyðublaði.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar
Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til
sjúkdómsgreiningar í glasi**

2010/EES/61/16

(Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samræmdra staðla samkvæmt tilskipuninni)

Evrópsk staðlasamtök (1)	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Hefur ekki birst áður í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN 556-1:2001 Dauðhreinsun lækningatækja – Kröfur sem lækningatæki verða að uppfylla til að þau megi merkja „DAUÐHREINSUÐ“ – 1. hluti: Kröfur sem gilda um endanlega dauðhreinsuð lækningatæki	31.7.2002	EN 556:1994 + A1:1998 Athugasemd 2.1	Liðinn (30.4.2002)
	EN 556-1:2001/AC:2006	15.11.2006		
CEN	EN 556-2:2003 Dauðhreinsun lækningatækja – Kröfur sem lækningatæki verða að uppfylla til að þau megi merkja „DAUÐHREINSUÐ“ – 2. hluti: Kröfur sem gilda um smitsæfð lækningatæki	9.8.2007		
CEN	EN 980:2008 Tákn sem fylgja lækningatækjum	23.7.2008	EN 980:2003 Athugasemd 2.1	Liðinn (31.5.2010)
CEN	EN ISO 11737-2:2009 Dauðhreinsun lækningatækja – Örverufræðilegar aðferðir – Hluti 2: Dauðhreinsunarprófanir við skilgreiningu, fullgildingu og viðhald á dauðhreinsunarferli (ISO 11737-2:2009)	7.7.2010		
CEN	EN 12322:1999 Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi – Gerlaeti fyrir örverufræði – Nothæfisviðmiðanir	9.10.1999		
	EN 12322:1999/A1:2001	31.7.2002	Athugasemd 3	Liðinn (30.4.2002)
CEN	EN ISO 13485:2003 Lækningatæki – Gæðastjórnunarkerfi – Kröfur til þess að samræmast reglugerðum (ISO 13485:2003)	2.4.2004	EN ISO 13488:2000 EN ISO 13485:2000 Athugasemd 2.1	Liðinn (31.7.2009)
	EN ISO 13485:2003/AC:2009	7.7.2010		
CEN	EN 13532:2002 Almennar kröfur varðandi lækningatæki sem ætluð eru til nota við sjálfspröfunargreiningar í glasi	17.12.2002		
CEN	EN 13612:2002 Nothæfismat á lækningatækjum til sjúkdómsgreininga í glasi	17.12.2002		
	EN 13612:2002/AC:2002	2.12.2009		
CEN	EN 13640:2002 Stöðugleikapröfun á prófunarefnum til nota við sjúkdómsgreiningar í glasi	17.12.2002		
CEN	EN 13641:2002 Útilokun eða minnkun áhættu á smiti í tengslum við prófunarefni til sjúkdómsgreiningar í glasi	17.12.2002		
CEN	EN 13975:2003 Sýnatökuaðferðir notaðar við samþykkispröfun lækningatækja til sjúkdómsgreiningar í glasi – Tölfræðilegir þættir	21.11.2003		

Evrópsk staðlasamtök (1)	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Hefur ekki birst áður í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN 14136:2004 Notkun ytri gæðamatsaðferða við árangursmat á skoðunar- og sjúkdómsgreiningaraðferðum í glasi	15.11.2006		
CEN	EN 14254:2004 Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi – Einnota ílát til töku á sýnum, öðrum en blóði, úr fólki	28.4.2005		
CEN	EN 14820:2004 Einnota ílát til töku á blóðsýnum úr bláæðum manna	28.4.2005		
CEN	EN ISO 14937:2009 Dauðhreinsun heilbrigðisvöru – Almennar kröfur um lýsingar á eiginleikum dauðhreinsiefnis og þróun, sannprófun og almennt eftirlit með dauðhreinsunarferli fyrir lækningatæki (ISO 14937:2009)	7.7.2010	EN ISO 14937:2000 Athugasemd 2.1	Liðinn (30.4.2010)
CEN	EN ISO 14971:2009 Lækningatæki – Notkun áhættustýringar í tengslum við lækningatæki (ISO 14971:2007, leiðrétt útgáfa 2007-10-01)	7.7.2010	EN ISO 14971:2007 Athugasemd 2.1	Liðinn (21.3.2010)
CEN	EN ISO 15193:2009 Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi – Mæling á magni í sýnum af lífrænum uppruna – Kröfur varðandi innihald og framsetningu tilvísunarmæliaðferða (ISO 15193:2009)	7.7.2010		
CEN	EN ISO 15194:2009 Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi – Mæling á magni í sýnum af lífrænum uppruna – Kröfur varðandi vottuð viðmiðunarefni og innihald stuðningsgagna Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi – Mæling á magni í sýnum af lífrænum uppruna – Kröfur varðandi vottuð viðmiðunarefni og innihald stuðningsgagna (ISO 15194:2009)	7.7.2010		
CEN	EN ISO 15197:2003 Kerfi til greiningarprófunar í glasi – Kröfur varðandi blóðglúkósavöktunarkerfi til nota við sjálfsprófun til þess að hafa stjórn á sykursýki (ISO 15197:2003)	28.4.2005		
CEN	EN ISO 15197:2003/AC:2005	2.12.2009		
CEN	EN ISO 15225:2000 Nafnakerfi – Forskrift nafnakerfis fyrir lækningatæki, vegna skyldubundinna upplýsingaskipta (ISO 15225:2000)	31.7.2002		
CEN	EN ISO 15225:2000/A1:2004	2.12.2009	Athugasemd 3	Liðinn (31.8.2004)
CEN	EN ISO 15225:2000/A2:2005	2.12.2009	Athugasemd 3	Liðinn (31.1.2006)
CEN	EN ISO 17511:2003 Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi – Mæling á magni í lífrænum sýnum – Mælifræðilegur rekjanleiki gilda sem tiltekin eru fyrir kvörðunartæki og samanburðarefni. (ISO 17511:2003)	28.4.2005		
CEN	EN ISO 18113-1:2009 Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi – Upplýsingar frá framleiðanda (merking) – Hluti 1: Hugtök, skilgreiningar og almennar kröfur (ISO 18113-1:2009)	7.7.2010		
CEN	EN ISO 18113-2:2009 Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi – Upplýsingar frá framleiðanda (merking) – Hluti 2: Prófefni til sjúkdómsgreiningar í glasi til nota í atvinnuskyni (ISO 18113-2:2009)	7.7.2010	EN 375:2001 Athugasemd 2.1	31.12.2012

Evrópsk staðlasamtök (1)	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Hefur ekki birst áður í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN ISO 18113-3:2009 Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi – Upplýsingar frá framleiðanda (merking) – Hluti 3: Tæki til sjúkdómsgreiningar í glasi til nota í atvinnuskyni (ISO 18113-3:2009)	7.7.2010	EN 591:2001 Athugasemd 2.1	31.12.2012
CEN	EN ISO 18113-4:2009 Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi – Upplýsingar frá framleiðanda (merking) – Hluti 4: Prófefni til sjúkdómsgreiningar í glasi til sjálfsprófunar (ISO 18113-4:2009)	7.7.2010	EN 376:2002 Athugasemd 2.1	31.12.2012
CEN	EN ISO 18113-5:2009 Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi – Upplýsingar frá framleiðanda (merking) – Hluti 5: Tæki til sjúkdómsgreiningar í glasi til sjálfsprófunar (ISO 18113-5:2009)	7.7.2010	EN 592:2002 Athugasemd 2.1	31.12.2012
CEN	EN ISO 18153:2003 Lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi – Mæling á magni í lífrænum sýnum – Mælifræðilegur rekjanleiki gilda sem tiltekin eru fyrir hvatastyrk ensíma í kvörðunartækjum og samanburðarefnum. (ISO 18153:2003)	21.11.2003		
CEN	EN ISO 20776-1:2006 Klínískar prófanir í tilraunastofum og prófunarkerfi til nota við sjúkdómsgreiningar í glasi – Næmniprófun á smitefnum og mat á skilvirkni tækja til prófunar á næmni gegn örverueyðandi efnum – Hluti 1: Samanburðaraðferð til prófunar í glasi á virkni örverueyðandi efna gegn hratt vaxandi loftháðum bakteríum sem eiga þátt í að valda smitsjúkdómum (ISO 20776-1:2006)	9.8.2007		
Cenelec	EN 61010-2-101:2002 Öryggiskröfur um rafmagnsbúnað til mælinga, eftirlits og notkunar á rannsóknarstofu – Hluti 2-101: Sérstakar kröfur varðandi lækningatæki til nota við sjúkdómsgreiningar í glasi (IVD) IEC 61010-2-101:2002 (Breytt)	17.12.2002		
Cenelec	EN 61326-2-6:2006 Rafbúnaður til nota við mælingar, stýringu og á rannsóknarstofum – Kröfur um rafsegulsviðssamhæfi – Hluti 2-6: Sérstakar kröfur – Lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi IEC 61326-2-6:2005	27.11.2008		
Cenelec	EN 62304:2006 Hugbúnaður í lækningatæki – Líftímaferlar hugbúnaðar IEC 62304:2006	27.11.2008		
Cenelec	EN 62366:2008 Lækningatæki – Notkun nytsemisverkfræði í tengslum við lækningatæki IEC 62366:2007	27.11.2008		

(1) CEN: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, BELGIUM, sími +32 25500811, bréfasími +32 25500819 (<http://www.cen.eu>)
 CENELEC: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, BELGIUM, sími +32 25196871, bréfasími +32 25196919 (<http://www.cenelec.eu>)
 ETSI: 650, route des Lucioles, F-06921 Sophia Antipolis, FRANCE, sími +33 492944200, bréfasími +33 493654716 (<http://www.etsi.eu>)

Athugasemd 1: Síðasti dagur ætlaðs samræmis er yfirleitt sami dagur og afturköllunardagurinn (date of withdrawal eða „dow“) sem evrópsku staðlasamtökin ákveða, en athygli notenda þessara staðla skal vakin á að sérstakar undantekningar geta verið frá þessu.

Athugasemd 2.1: Nýi (eða breytti) staðallinn hefur sama gildissvið og sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar.

Athugasemd 2.2: Nýi staðallinn hefur rýmra gildissvið en sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar.

Athugasemd 2.3: Nýi staðallinn hefur þrengra gildissvið en sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi (að hluta), að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar að því er varðar vörur sem falla undir gildissvið nýja staðalsins. Ætlað samræmi við grunnkröfur tilskipunarinnar gildir óbreytt að því er varðar vörur sem falla áfram undir gildissvið staðalsins sem leystur er af hólmi (að hluta) en ekki undir gildissvið nýja staðalsins.

Athugasemd 3: Þegar breytingar eru gerðar er vísað til staðalsins með númerinu EN CCCCC:YYYY ásamt eldri breytingum, ef einhverjar eru, og nýju breytingunni. Staðallinn, sem leystur er af hólmi (3. dalkur), er því EN CCCCC:YYYY ásamt áorðnum breytingum, ef einhverjar eru, en án nýju breytingarinnar. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar.

Athugið:

- Upplýsingar um hvernig nálgast má staðlana fást hjá evrópsku staðlasamtökunum eða staðlastofnunum einstakra ríkja sem taldar eru upp í viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB ⁽¹⁾, með áorðnum breytingum skv. tilskipun 98/48/EB ⁽²⁾.
- Evrópsk staðlasamtök gefa samhæfða staðla út á ensku (Staðlasamtök Evrópu, CEN, og Rafstaðlasamtök Evrópu, CENELEC, gefa staðla sína einnig út á frönsku og þýsku). Heiti samhæfðra staðla eru síðan þýdd á öll önnur tilskilin opinber tungumál Evrópska efnahagssvæðisins og fer þýðingin fram á vegum staðlastofnunar hvers lands. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ábyrgist ekki að staðlaheiti, sem borist hafa til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, séu rétt .
- Þótt tilvísunarnúmer staðla séu birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* merkir það ekki að þeir séu til á öllum tungumálum Evrópska efnahagssvæðisins.
- Þessi skrá kemur í stað annarra slíkra sem birst hafa í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur uppfærslu hennar með höndum.
- Nánari upplýsingar um samræmda staðla er að finna á eftirfarandi vefslóð: http://ec.europa.eu/enterprise/policies/european-standards/harmonised-standards/index_en.htm

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18.